

Sþ. 293. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um Menningarsjóð Norðurlanda.

(Lögð fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Menningarsjóð Norðurlanda, sem undirritaður var í Stokkhólmi 12. júní 1975 og prentaður er hér sem fylgiskjal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 1. júlí 1967 tók gildi samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Menningarsjóð Norðurlanda. Samningur þessi hefur nú verið endurskoðaður og gerðar á honum nokkrar breytingar. Á 23. þingi Norðurlandaráðs er haldið var í Reykjavík í febrúar 1975, var lýst stuðningi við samninginn í hinni endurskoðuðu gerð, og var hann síðan undirritaður af fulltrúum ríkisstjórnanna á fundi Ráðherranefndar Norðurlanda, menntamálaráðherranna, í Stokkhólmi 12. júní 1975. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd.

Breytingar þær, sem samningurinn felur í sér frá hinni fyrri gerð, eru þessar helstar.

1. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar fornlegs eðlis, er eiga rætur að rekja til þeirrar skipunar, sem á komst samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 15. mars 1971, um samstarf á sviði menningarmála. Meðal breytinga af þessu tagi má nefna, að fulltrúar ríkisstjórnanna í sjóðsstjórn verða að formi til skipaðir af Ráðherranefnd Norðurlanda, en ekki hverri einstakri ríkisstjórn (7. gr.).
2. Í fyrri gerð samningsins var fjárhæð árlegrar fjárveitingar til sjóðsins tilgreind, svo og í hvaða hlutföllum framlög til sjóðsins skyldu greidd af aðildarríkjunum. Var sú skipting miðuð við fólksfjölda. Í hinni endurskoðuðu gerð er mælt fyrir um, að sjóðnum skuli árlega ákveðið ráðstöfunarfé í hinni norrænu fjárhagsáætlun um samstarf á sviði menningarmála (4. gr.). Greiðsluhlutfalla er hins vegar ekki getið sérstaklega, enda leiðir af sjálfu sér, að skipting framlaga verður eftir hinni almennu reglu, sem á hverjum tíma gildir um fjárveitingar samkvæmt hinni sameiginlegu fjárhagsáætlun. Miðað við núverandi skiptireglu veldur þetta ekki breytingu á greiðsluhlutfalli Íslands, sem er 1% (Danmerkur 22%, Finnlands 16%, Noregs 16% og Svíþjóðar 45%). Fjárveitingar til Menningarsjóðs Norðurlanda hafa farið hækkandi og undanfarin ár verið hærri en samningurinn mælti fyrir um. Upphaflega var heildarfjárveitingin 3 000 000 danskar krónur, en er í fjárhagsáætlun fyrir árið 1976 ráðgerð 6 500 000 d.kr.
3. Ákvæðum þeim, sem fjalla um starfssvið sjóðsins (2. gr.), hefur verið breytt nokkuð. Í fyrri gerð voru nefnd dæmi um tiltekna þætti menningarstarfsemi, sem styrkhæfir væru. Með almennara orðalagi greinarinnar hafa menn viljað reisa skórður við því að nokkurt svið menningarmála yrði af formlegum ástæðum talið falla utan við verksvið sjóðsins. Til aukins sveigjanleika horfa og breytingar á 3. gr., þar sem ræðir um almenn skilyrði til að verkefni sé styrkhæft.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM MENNINGAR- SJÓÐ NORÐURLANDA

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem telja það mikilvægt að menningarsamstarf Norðurlanda aukist enn og eflist, hafa orðið sammála um að samningur sá er gerður var árið 1966 um stofnun Menningarsjóðs Norðurlanda skuli framvegis orðast sem hér segir:

Tilgangur o. fl.

1. gr.

Tilgangur Menningarsjóðs Norðurlanda er að efla menningarsamstarf Norðurlanda.

2. gr.

Starfssvið sjóðsins tekur til norræns menningarsamstarfs í heild. Fé má því veita úr sjóðnum til verkefna á sviði vísinda, fræðslumála og almennrar menningarstarfsemi í víðtækasta skilningi.

Einnig má veita styrki til upplýsingastarfsemi á Norðurlöndum eða utan þeirra varðandi norrænt menningarsamstarf og norræna menningu.

3. gr.

Veita má styrki úr sjóðnum til norræna verkefna, sem stofnað er til í eitt skipti. Styrki má einnig veita til norræna verkefna, sem varanlegri eru, þó að jafnaði um tiltekinn tíma samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar, svo og í sérstökum tilvikum til reglubundinna verkefna.

Fé sjóðsins.

4. gr.

Sjóðnum skal árlega ákveðið ráðstöfunarfé í hinni norrænu fjárhagsáætlun um samstarf á sviði menningarmála.

OVERENKOMST OM NORDISK KULTURFOND

Danmarks, Finnlands, Islands, Norges og Sveriges regeringer, som finder det ønskeligt, at det kulturelle samarbejde mellem de nordiske lande yderligere udvikles og styrkes, er blevet enige om, at den i 1966 indgåede overenskomst om oprettelse af Nordisk Kulturfond fremover skal have følgende udformning:

Formål m. m.

Artikel 1

Nordisk Kulturfond har til formål at fremme det kulturelle samarbejde mellem de nordiske lande.

Artikel 2

Fondens virksomhedsområde omfatter det nordiske kultursamarbejde i hele dets udstrækning. Bidrag fra fonden kan således ydes til formål inden for forskning, undervisning og almenkulturel virksomhed i videste forstand.

Der kan også ydes støtte til informationsvirksomhed inden for eller uden for Norden vedrørende nordisk kulturelt samarbejde og de nordiske landes kulturliv.

Artikel 3

Af fondens midler kan der bevilges tilskud til nordiske projekter af éngangs-karakter. Tilskud kan også ydes dels til nordiske projekter af mere varig karakter, dog fortrinsvis for en af styrelsen fastsat periode, dels i særlige tilfælde til regelmæssigt tilbagevendende formål.

Fondens midler.

Artikel 4

Midlerne, der årligt stilles til fondens rådighed, optages på det nordiske kulturbudget.

5. gr.

Fé, sem greitt hefur verið í sjóðinn, er til umráða fyrir sjóðinn einnig eftir lok þess árs er greiðsla fór fram.

6. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka við eignum, sem honum eru gefnar eða ánafnaðar í arfleiðsluskrá, enda fylgi ekki neitt það skilyrði, sem ósamrýmanlegt er tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins.

7. gr.

Sjóðsstjórn annast umsýslu sjóðsins, úthlutar fé hans og stjórnar starfsemi hans að öðru leyti. Stjórnin ákveður einnig um viðtöku gjafar eða arfleiðsluskrár, svo og hversu ávaxta skuli fé sjóðsins.

Stjórnin er skipuð tíu mönnum. Fimm þeirra skipar Norðurlandaráð, einn frá hverju landi. Hina skipar Ráðherranefnd Norðurlanda, einn frá hverju landi. Á sama hátt er skipaður persónulegur varamaður fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til tveggja almanaksára í senn. Láti stjórnarmaður eða varamaður af starfi áður en skipunartímabili hans er lokið skal skipa eftirmann hans til loka skipunartímabilsins.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann til eins almanaksárs í senn. Stjórnarformaður skal vera frá sama landi í tvö ár samfleytt.

8. gr.

Stjórnin er ályktunarfær, þegar formaður eða varaformaður og eigi færri en sex aðrir stjórnarmenn eru viðstaddir.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundi, en séu atkvæði jöfn. ræður atkvæði formanns. Eigi má þó ákveða fjárveitingu úr sjóðnum, ef báðir fulltrúar eins lands hið fæsta eru andvígir henni.

Artikel 5

Midler, som er tilført fonden, står til rådighed for fonden også efter udgangen af det år, da indbetalingen til fonden er sket.

Artikel 6

Fonden kan erhverve ejendom gennem gave eller testamente under forudsætning af, at der ikke dermed er forbundet noget vilkår, som er uforeneligt med fondens formål.

Fondens forvaltning.

Artikel 7

Fonden forvaltes, dens midler fordeles og dens virksomhed i øvrigt ledes af en styrelse. Styrelsen træffer også beslutning om modtagelse af gave eller testamente, samt om anbringelse af fondens indestående midler.

Styrelsen består af ti medlemmer. Nordisk Råd udnævner fem af medlemmerne, ét fra hvert land. De øvrige medlemmer udnævnes af Nordisk Ministerråd ét fra hvert land. På tilsvarende måde udnævnes for hvert medlem en personlig suppleant.

Medlemmerne og suppleanterne udnævnes for et tidsrum af to kalenderår ad gangen. Afgår et medlem eller en suppleant inden mandattidens udløb, skal der udnævnes en efterfølger for resten af mandattiden. Styrelsen vælger blandt sine medlemmer en formand og en næstformand for ét kalenderår ad gangen. Samme land beklæder formandsposten to år i træk.

Artikel 8

Styrelsen er beslutningsdygtig, når formanden eller næstformanden og mindst seks andre medlemmer er til stede.

Styrelsens beslutninger træffes ved simpel stemmeflerhed. I tilfælde af stemmelighed er formandens stemme udslagsgivende. Beslutning om bevilling af et tilskud fra fonden må dog ikke træffes, når mindst et af landene gennem begge sine repræsentanter modsætter sig dette.

9. gr.

Stjórnin nýtur aðstoðar nefnda og starfshópa, er Ráðherranefnd Norðurlanda hefur skipað á því sviði sem starfsemi sjóðsins tekur til. Ennfremur er stjórninni heimilt að leita álits annarra sérfróðra aðila, eftir því sem þörf krefur.

10. gr.

Norræna menningarmálaskrifstofan annast skrifstofustörf og fjárreiður vegna sjóðsins.

11. gr.

Ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað vegna starfsemi sjóðsins skal greiða af fé sjóðsins. Heimilt er og að greiða útgjöld vegna sérstakrar sérfræðilegrar aðstoðar.

12. gr.

Aðsetur sjóðsins er í því landi, þar sem Norræna menningarmálaskrifstofan er staðsett.

13. gr.

Stjórnin setur sér starfsreglur með nánari ákvæðum um starfið.

Reikningsskil og endurskoðun.

14. gr.

Almanaksárið er reikningsár sjóðsins.

15. gr.

Norðurlandaráð ákveður hvernig haga skuli endurskoðun á umsýslu sjóðsins og reikningum.

16. gr.

Skýrslur stjórnar og endurskoðenda skulu eigi síðar en 1. október árið eftir starfsárið/reikningsárið afhentar Ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Norðurlandaráð tekur ákvörðun um samþykkt reikninga sjóðsins.

Artikkel 9

Styrelsen består af komiteer og arbejdsgrupper, som Ministerrådet har udpeget inden for fondens virkeområde. Styrelsen kan herudover efter behov indhente udtalelser fra andre sagkyndige.

Artikkel 10

Sekretariatsarbejdet og økonomiforvaltningen varetages af Sekretariatet for nordisk kulturelt samarbejde.

Artikkel 11

Af fondens midler afholdes rejsegodtgørelse, dagpenge og øvrige omkostninger i forbindelse med fondens virksomhed. Der kan endvidere afholdes udgifter til særlig sagkyndig bistand.

Artikkel 12

Fonden har sit sæde i det land, hvori Sekretariatet for nordisk kulturelt samarbejde er beliggende.

Artikkel 13

Styrelsen vedtager en forretningsorden med nærmere foreskrifter for sin virksomhed.

Regnskab og revision.

Artikkel 14

Fondens regnskabsår er kalenderåret.

Artikkel 15

Nordisk Råd træffer bestemmelse om revision af fondens forvaltning og regnskaber.

Artikkel 16

Styrelsens og revisorerens beretninger skal senest den 1. oktober året efter virksomhedsåret/regnskabsåret afgives til Ministerrådet og til Nordisk Råd. Beslutning om godkendelse af regnskabet og om bevilling af ansvarsfrihed for styrelsen træffes af Nordisk Råd.

Lokaákvæði.

17. gr.

Samning þennan skal fullgilda og senda fullgildingarskjöl hið fyrsta til varðveislunni í utanríkisráðuneyti Danmerkur.

Samningurinn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur hefst eftir þann dag, er fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa borist.

18. gr.

Vilji einhver samningsaðila segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send dönsku ríkisstjórninni, er þegar í stað skal tilkynna þetta hinum samningsaðilunum og hvaða dag uppsagnartilkynningin hafi borist.

Samningurinn fellur úr gildi frá og með byrjun þess almanaksárs, sem næst hefst eftir uppsögnina, hafi uppsagnartilkynningin borist dönsku ríkisstjórninni eigi síðar en 30. júní, en að öðrum kosti frá byrjun næsta almanaksárs þar á eftir.

Þegar samningurinn er fallinn úr gildi, skal skipta eignum sjóðsins og skuldum milli samningsaðila í samræmi við þá skiptireglu, sem gildir um framlög til hinnar norrænu fjárhagsáætlunar um samstarf á sviði menningarmála.

Samningurinn skal varðveittur í utanríkisráðuneyti Danmerkur, og danska utanríkisráðuneytið skal senda hverjum samningsaðila staðfest afrit.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað þennan samning.

Gert í Stokkhólmi hinn tólfta júní nitján hundruð sjöttu og fimm í einu eintaki á dönsku.

Ritt Bjerregaard
Marjatta Väänänen.
Birgir Thorlacius.
Bertil Zachrisson.
Bjartmar Gjerde.

Slutbestemmelser.

Artikel 17

Denne overenskomst skal ratificeres og ratifikationsinstrumenterne skal snarest muligt deponeres i udenrigsministeriet i Danmark.

Overenskomsten træder i kraft den første i den måned, som begynder nærmest efter den dag, da samtlige parter ratifikationsinstrumenter er deponeret.

Artikel 18

Ønsker nogen af de kontraherende parter at opsige overenskomsten, skal skriftlig meddelelse herom tilstilles den danske regering, som umiddelbart herefter skal underrette de øvrige kontraherende parter herom, samt om datoen for meddelelsens modtagelse.

Overenskomsten ophører at gælde fra og med den første dag i det kalenderår, som følger efter opsigelsen, såfremt meddelelse om opsigelsen er indgået til den danske regering senest den 30. juni og ellers fra den første dag i det næstfølgende kalenderår.

Når overenskomsten er ophørt at gælde, skal fondens aktiver og passiver fordeles mellem de kontraherende parter i overensstemmelse med den fordelingsnøgle, som gælder for finansieringen af det nordiske kulturbudget.

Overenskomsten skal være deponeret i udenrigsministeriet i Danmark, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende parter.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuldmægtigede repræsentanter undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i Stockholm i ét eksemplar på dansk, den tolvte juni nittenhundrede og femoghalvfjerds.

Ritt Bjerregaard.
Marjatta Väänänen.
Birgir Thorlacius.
Bertil Zachrisson.
Bjartmar Gjerde.